

Alþingi
Erindi nr. P
komudagur

126/2394
75.2001



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími: 540 6400
Fax: 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Reykjavík 7. maí 2001

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000. Nefnd á vegum stjórnar og siðanefndar félagsins hefur fjallað um málið og byggir umsögn félagsins á niðurstöðu nefndarinnar.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur allar þær breytingar sem frumvarpið inniheldur vera til bóta og gera núverandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skýrari. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur mikilvægt að fram fari reglulega endurskoðun á gildandi lögum um meðferð persónuupplýsinga vegna þeirrar öru þróunar sem er á rafrænni skráningu og mikilli upplýsingasöfnun um einstaklinga sem stöðugt vex dag frá degi.

Við lestur frumvarpsins og gerð umsagnar tók nefndin fyrst og fremst mið af skráningu sjúkragagna, meðhöndlun þeirra og notkun persónuupplýsinga í vísindarannsóknnum.

Önnur atriði:

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga á síðari stigum.

Með kveðju,

Herdís Sveinsdóttir formaður